

Sveitarfélagið Suðurland. 7. fundargerð

Föstudaginn 20. mars 2020 var haldinn 7. fundur verkefnishóps um Sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn í fjarfundakerfinu ZOOM.

Fundinn sátu:

- Ágúst Sigurðsson
- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Ásta Berghildur Ólafsdóttir
- Björk Grétarsdóttir
- Egill Sigurðsson
- Einar Freyr Elínarson, ritari
- Eva Björk Harðardóttir
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Valtýr Valtýsson
- Þorbjörg Gísladóttir
- Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóri
- Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri

Arndís Harðardóttir og Christiane L. Bahner boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 09:00 og var honum slitið kl. 10:10.

Róbert ritaði fundargerð í tölvu.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir og skoðast hún því samþykkt.

2. Verkefnisáætlun Sveitarfélagsins Suðurland

Í ljósi heimsfaraldurs vegna Covid-19 og samkomubanns leggur formaður til að vinnu starfshópa í verkefninu verði frestað framyfir sumarleyfi og að tímaáætlun verkefnisins breytist til samræmis. Þá leggur hann til að ráðgjafar haldi áfram greiningarvinnu og eigi reglulega samráðsfundi með verkefnishópnum.

Tillagan var samþykkt og ráðgjöfum falið að uppfæra tímaáætlun og upplýsa fulltrúa í starfshópum um breytingarnar.

3. Atvinnumál og byggðapróun

Verkefnishópurinn hóf umræðu um atvinnu- og byggðamál í sveitarfélögunum fimm. Jón Hrói leiddi vinnu við greiningu styrkleika, veikleika, ógnana og tækifæra í Sveitarfélaginu Suðurland. Ráðgjöfum var bent á gögn um svæðið sem styðja við greininguna.

Ráðgjöfum var falið að vinna úr SVÓT greiningunni og leggja fram á næsta fundi verkefnishóps.

4. Næsti fundur verkefnishóps

Næsti fundur verður 3. apríl kl. 9 í ZOOM. Meðal dagskrárliða verða

- Verkefnisáætlun
 - Svör Jöfnunarsjóðs um framlög verða komin
 - Breytt tímaáætlun lögð fram
- Frumdrög greininga
 - Fjárhagur sveitarfélaganna
 - Íbúapróun svæðisins
 - Aðkoma ríkisins
 - Atvinnu-og byggðamál